

Kópavogur, 15. janúar 2020

Ágæti umsækjandi.

Í þessu bréfi eru upplýsingar um hvernig þú getur sótt um nám á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskóla á netinu. **Innritun á starfsbrautir stendur yfir 1.-29. febrúar 2020.** Tímamörk almennrar innritunar sem auglýst eru á Menntagátt gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast eftir þann tíma.

Til að sækja um þarft þú veflykil sem foreldrar/forráðamenn geta nálgast á island.is, en leiðbeiningar þar að lútandi eru í bréfi sem sent er til þeirra. Einnig getur skólinn eða forráðamenn óskað eftir veflyklinum með því að senda póst á netfangið innritun@mms.is.

Svona sækir þú um á starfsbraut í framhaldsskóla:

- Ferð inn á vefslóðina www.menntagatt.is, smellir á „Ný umsókn“ (neðst á síðunni) og þá opnast innskráningargluggi. Á síðunni er gluggi merktur „Veflykill Menntagáttar“. Þú slærð inn kennitölu þína og veflykil og velur síðan „Innskráning“.
- Opnaðu flipann „Umsóknir“ í valmyndinni til vinstri og þá kemur upp forsíða umsóknar með nafni þínu og kennitölu efst á síðunni ásamt upplýsingum sem þú getur kynnt þér varðandi umsóknarferlið.
- Þá velur þú „Nýskrá umsókn“ og kemur þá inn í fyrstu síðu umsóknarinnar *Umsækjandi* og fyllir út reitina eins og um er beðið. Mikilvægt er að skrá síma, farsíma og netfang. Ef dvalarstaður er annar en lögheimili þarf að skrá hann. Efst á síðunni er hjálparhnappur „?“ með nánari leiðbeiningum.
- **Mikilvægt er að fylla í reitinn „Fötlun“ á umsóknareyðublaðinu og haka við hvort fötlunargreining liggur fyrir og setja inn stutta lýsingu á því í hverju fötlunin er fólgin og helstu þjónustubarfir.**
- Þegar þú ert búinn að fylla út þessa síðu smellir þú á hnappinn „Næsta skref (vista)“ til að komast á næstu síðu.
- Þá kemur þú inn á síðuna *Mynd/skjöl*. Það er ekki skylda að láta mynd af sér fylgja umsókninni, en ef þú vilt gera það er hún sett inn hér. Þarna getur þú líka sett inn fylgiskjöl ef þú vilt láta einhver slík fylgja umsókninni. Efst á síðunni er hjálparhnappur „?“ með nánari leiðbeiningum. Þegar þú ert búinn að setja inn skjöl sem þú vilt að fylgi umsókninni (eða ef þú ætlar ekki að setja nein inn) smellir þú á hnappinn „Næsta skref (vista)“ til að komast á næstu síðu.
- Þá kemur þú inn á síðuna *Aðstandendur*. Þar koma sjálfkrafa fram nöfn forráðamanna eins og þeir eru skráðir í Þjóðskrá. Hægt er að eyða skráningu á forráðamönnum með því að smella á X sem er fyrir aftan nöfn þeirra. Lágmark er þó að hafa einn forráðamann skráðan ásamt upplýsingum um heimilisfang, símanúmer og netfang ef til er. Nýtt nafn er sótt með því að slá inn kennitölu í reitinn *skrá aðstandanda* og smella svo á hnappinn „sækja“. Efst á síðunni er hjálparhnappur „?“ með nánari

leiðbeiningum. Svo smellir þú á hnappinn „Næsta skref (vista)“ til að komast á næstu síðu.

- Þá kemur þú inn á síðuna *Val á skólum*. Hér velur þú skóla og setur í fyrsta val þann skóla sem þú vilt helst stunda nám í og í annað val þann sem þú vilt næst helst fá skólavist í. Þú velur svo starfsbraut innan hvors skóla fyrir sig og smellir svo á hnappinn „Næsta skref (vista)“ til að komast á næstu síðu.
- Þá kemur upp síðan *Námsferill*, en engar upplýsingar verða komnar þar inn á þessu stigi, svo þú gerir ekkert á þeirri síðu og smellir aftur á hnappinn „Næsta skref (vista)“ til að halda áfram.
- Þá kemur þú inn í lokasíðu umsóknarinnar *Staðfesting*. Þar þarftu að haka við tvo reiti þar sem þú gengst inn á að neyta ekki tóbaks-, áfengis- og annarra vímuefna í skólanum, en ekki er hægt að staðfesta umsóknina fyrir en þeir skilmálar hafa verið samþykktir. Að svo búnu smellir þú á rauða reitinn „Staðfesta umsókn“.

Afgreiðsla umsókna

- Þegar umsóknarfresti lýkur fjalla framhaldsskólar um umsóknir á starfsbrautir.
- Fáir þú ekki skólavist í þeim tveimur skólum sem þú sóttir um, sér Menntamálastofnun um að útvega þér skólavist. Stefnt er að því að allir hafi fengið skólavist fyrir lok apríl 2020. Þú getur fylgst með stöðu umsóknarinnar með því að fara inn í hana með sama hætti og þegar sótt er um.
- Sá framhaldsskóli sem veitir þér skólavist sendir þér bréf, ásamt greiðsluseðli fyrir innritunargjaldi. Á greiðsluseðlinum kemur fram greiðslufrestur og ef gjaldið er ekki greitt innan hans er lítið svo á að þú ætlir ekki að þiggja skólavist á haustönn 2020.

Einkunnir og fylgiskjöl

- Skólaeinkunnir þínar berast rafrænt inn í umsóknargrunninn að lokinni útskrift úr grunnskóla í byrjun júní og verða þá sýnilegar þeim skólum sem þú sóttir um.
- Vottorð eða sérstakar upplýsingar, s.s. um fötlun, þarf að senda þeim framhaldsskóla sem veitir þér námsvist. Þú getur sent gögnin í pósti eða veitt grunnskólanum þínum leyfi til að senda þau. Athugaðu að forráðamenn bera ábyrgð á að viðeigandi upplýsingar berist þeim framhaldsskóla sem samþykkir umsóknina.

Ráðgjöf og upplýsingar um innritun

Nánari upplýsingar um innritun á starfsbrautir veitir undirrituð. Hægt er að hafa samband í síma 514 7500 eða senda póst á netfangið innritun@mms.is.

Bestu kveðjur,
Svanhildur Steinarsdóttir
sérfræðingur
Menntamálastofnun